

Köntrísveit Baggalúts í Þingborg

Umf. Baldur í Hraungerðishreppi stendur fyrir því að hin gríðarlega sívinsæla og eftirsóttá köntrísveit Baggalúts leikur fyrir sitjandi tónlistargesti í Þingborg föstudaginn 13. apríl næstkomandi. Stefnt er að því að sem flestir skemmti sér konunglega, jafnt gestir sem hljóðfæraleikarar. Er fólk að gefnu tilefni hvatt til að lofa sér ekki í heimsóknir, pönukökubakstur eða sauðburð fyrirpart laugardags meðan það er að jafna sig eftir herlegheitin.

Húsið verður opnað kl. 21:00 en tónlist leikin frá kl. 22:00. Forsala aðgöngumiða hefst í Hljóðhúsinu á Selfossi eftir páska. Athugið að sætafjöldi er takmarkaður, en **vinsamlegast fjölmennið samt.**

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing Félagslundu	3. apríl
Skírdagfundur Umf. Samhygðar	5. apríl
Páskabingó Umf. Vöku	7. apríl
Glímuæfing Félagslundu	10. apríl
Aðalfundur Flóakorns í Þjósárveri	11. apríl
Baggalútur í Þingborg	13. apríl
Flóahlaup við Félagslund	14. apríl
Draumur á Jónsmessunótt, AUKASÝNING	15. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	16. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingah.hr.	16. apríl
Glímuæfing Félagslundu	17. apríl
Sumardagurinn fyrsti	19. apríl
Héraðsglíma HSK Hvolsvelli	20. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	23. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah.hr.	23. apríl
Bikarglíma Samhygðar	24. apríl
Næringarfyrirlestur í Félagslundu	25. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	30. apríl
Þingborgarmót	1. maí

Gleðilegt sumar!



Á V E I T A N



1. tbl. apríl 2007. 1. árg.

Útgefendur: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Ábyrgðarmenn: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Draumur á Jónsmessunótt

**AUKASÝNING vegna fjölda áskoranna
í Þingborg sunnudaginn 15. apríl kl. 20:30.
Ekki láta þessa mögnuðu sýningu fram hjá þér fara.
Midapantanir hjá Hallfríði í síma 845-9719**

Félögin

Þingborgarmótið

Þingborgarmótið verður haldið í Þingborg 1. maí n.k. og hefst keppni um kl. 13:00 en mæting er um 12:30. Keppt er um farandbikar á milli Umf. Skeiðamanna, Umf. Baldurs, Umf. Vöku auk Umf. Samhygðar sem eru að keppa í fyrsta skipti á þessu móti. Keppt verður í langstökki án atr., þristökki án atr., kúluvarpi og hástökki, skráning á staðnum. Mótið er fyrir 16 ára og yngri og keppt er í flokkum hnokka og hnátna, stráka og stelpna, pilta og telpna, og sveina og meyja.

Gáttin opnast...

Ágætu lesendur, nú hafið þið væntanlega fengið í hendurnar fyrsta tölu-
blað *Áveitunnar*, nýs fréttabréfs Umf. Samhygðar og Umf. Vöku sem
héðan í frá verður *veitt* mánaðarlega á öll heimili í Flóahreppi og sveita-
bæi í Stokkseyrarhreppi hinum forna. Nafnið *Áveitan* var valið sökum
þess að það þótti lýsa vel markmiðum útgáfunnar, það er að frjóvga og
glæða samfélagið sem skilar síðan gjöfulli uppskeru öllum til hagsbóta.
Nafnið vísar til Flóaáveitunnar sem var á sínum tíma áburðargjafi og afl-
vaki fyrir Flóamenn og landið allt.

Forsaga þessarar útgáfu er sú að fljótlega eftir að sveitarfélögin
þrjú sem nú mynda Flóahrepp sameinuðust komu upp hugmyndir um
hvort grundvöllur væri fyrir því að ungmennafélögin þrjú í hinu nýja
sveitarfélagi sameinuðust um útgáfu eins fréttabréfs í stað þriggja áður.
Hugmyndin spratt af þeim rötum að sífellt algengara var orðið að sama
efnið birtist í öllum fréttabréfunum, t.d. fréttir frá skólunum og ýmsar
tilkynningar um sameiginlega viðburði o.þ.h. Í kjölfar sameiningar
sveitarfélaganna var viðbúið að þessi þróun myndi halda áfram. Hug-
myndin þótti einnig vel til þess fallinn að auka enn hið öfluga samstarf
Umf. Baldurs, Vöku og Samhygðar.

Tillaga þess efnis að ungmennafélögin þrjú í Flóahreppi tækju
höndum saman um fréttabréfsútgáfu var borin upp á aðalfundum félag-
anna nú í janúar og febrúar. Tillagan var samþykkt samhljóða á aðal-
fundum Umf. Samhygðar og Umf. Vöku en felld á aðalfundi Baldurs.
Samhygð og Vaka ákváðu samt sem áður að halda ótrauð áfram við út-
gáfuáformin og leituðu þess efnis eftir samstarfi við Flóahrepp um þátt-
töku í útgáfukostnaði. Sveitarstjórn tók erindi félaganna fagnandi og
samþykkti á fundi sínum 7. febrúar sl. að bera kostnað af prentun og
dreifingu fréttabréfsins ef ungmennafélögin sæju um uppsetningu og
efnisöflun.

Áveitan mun eins og áður segir koma út mánaðarlega sem mál-
gagn ungmennafélaganna og upplýsingamiðill sveitarfélagsins til íbúa
sinna. Eins mun *Áveitan* birta auglýsingar og tilkynningar um viðburði
sem fram fara í Flóahreppi á vegum hinna mörgu féлага sem þar starfa
eða annarra. Rétt er að taka fram að *Áveitan* er ekki hugsuð sem vett-
vangur fyrir pólitísk skoðannaskipti eða umkvörtunarpistla og áskilur rit-
stjórn sér rétt til að hafna innsendu efni ef henni sýnist það ekki falla að

Björgvin í Tungu taldi að bændur sjálfir yrðu að vera ábyrgir gerða sinna.
Skeggi á Skeggjastöðum segir að fá verði frekari svör við því hvers vegna riða
kom aftur upp á Hrafnkelsstöðum áður en bændur fari að skera niður hjá sér.

Katrín Andrésdóttir ítrekaði að bændur sjálfir þyrftu að sýna algera samstöðu
ef skera ætti niður allt fé milli ána. Ef næðist samstaða um algeran niðurskurð
væri mjög líklegt að til þess fengist fé til bótagreiðslna.

Trausti á Langsstöðum segir að í sínu starfi sem rúningsmaður hafi hann
aldrei komið á bæ þar sem bændur séu meðvitaðir um að passa sig sjálfir. Allt of
víða sýni bændur það ekki í verki að þeir séu hræddir um að riðuveiki berist til
þeirra.

Gauti á Læk vill heldur tala um garnaveiki en riðuveiki þar sem í raun sé lítið
vitað um riðuveikina. Svæðið sé í herkví hvort eð er og nota á tímum til að up-
præta garnaveiki á svæðinu.

Sigurður Sigurðarson segir að stoppa verði allan flutning fjár og heys milli búa
í Flóa og jafnvel víðar til að dreifa ekki riðusmiti. Hvað garnaveikna varðar
verður einfaldlega að gæta þess að bólusetja ásetningslömb strax að hausti. Ekki
er vitað hvers vegna riða kom aftur upp á Hrafnkelsstöðum. Slík tilvik hafa ko-
mið upp áður þar sem ekki hafa verið augljósar skýringar strax þó skýringin hafi
jafnvel komið í ljós seinna.

Aðalsteinn í Kolsholti þakkar sauðfjárræktarfélagunum fyrir fundinn.

Þorsteinn Logi í Egilsstaðakoti spyr hvort verið sé að horfa á Flóann eingöngu
eða einnig Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Einnig að tilgreina ætti á upplýsinga-
blöðunum hvaða kindur væri um að ræða.

Sigurður Sigurðarson segir að til standi að safna upplýsingum víðar um kaup
og sölu á líffé og þakkar fyrir góða fundarsókn og hreinskilnar umræður.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 23.30

Fundarritari Jóhannes Hr. Simonarson

Aðalfundur

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn
í Þjórsárverri mánudagskvöldið 16. apríl kl. 21:00. Venjuleg aðal-
fundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Félagar fjölmennið og takið þátt í
að móta starf næsta árs.

Stjórnin

Til að reyna að tryggja gott samband við bændur og betri eftirfylgni leitaði Landbúnaðarstofnun eftir samvinnu við sveitarstjórnir í Árnessýslu austan Ölfusár og Hvítár en af formlegu samstarfi varð þó ekki. Þá var leitað eftir samvinnu við nokkra sauðfjárbændur og fleiri kunnuga menn, þau Steinar í Auðsholti, Lilju á Brúnum, Ingvar á Fjalli, Aðalstein á Húsatóftum, Reyni á Hurðarbaki, Ágúst Inga á Brúnastöðum, Stefán í Gerðum, Pál í Litlu-Sandvík og Ara Thorarensen á Selfossi. Hefur nefndin þegar komið saman.

Sigurður sýndi þá myndband og lýsti því sem fyrir augu bar en myndbandið sýndi m.a. einkenni riðuveiki hjá sauðfé.

Í máli Sigurðar kom fram að veikin geti hafst við í skepnum og verið smitberar um árabíl án þess að sýna einkenni nokkurn tíma. Smitefnið berst inn um munn fyrst og fremst eða í gegnum sár. Einnig er dæmi um að sýking hafi borist um fæðingarveg. Hildirnar eru magnaðar af smiti, einnig slefa, saur, tár og líffæri, sérstaklega eitlakerfið. Smit hefst við mjög lengi í hræjum sem grafin eru, jafnvel í mörg ár. Margsinnis hefur komið fram grunur um að hey beri riðusmit. Sameiginleg drykkjarilát geta magnað upp smit sem og sameiginleg flutningatæki bænda, t.d. hestakerrur. Sigurður benti á nauðsyn þess að bændur létu vita af óeðlilegum háttum hjá kindum eða af vanþrifakindum og sjálfdaudum kindum. Rannsóknir á slíkum kindum eru ókeypis fyrir bóndann og því um að gera að láta vita.

3. Katrín Andrésdóttir héraðsdýralæknir

Í máli Katrínar koma fram að ekki verður hægt að uppræta riðuveiki nema með samstöðu heimamanna. Um 30 ár eru síðan riða greindist fyrst í Árnessýslu. Næstu skref eru að greina sýnin frá þeim þremur bæjum sem skera á niður á á næstu dögum og meta stöðuna eftir rannsókn á þeim. Katrín ítrekaði nauðsyn þess að bændur komi með hausa af heimaslátruðu fé eða það sem finnst sjálf-dautt til rannsóknar.

4. Fyrirspurnir og umræður.

Stefanía í Hamarshjáleigu deildi hugrenningum sínum um riðuveikina og smitleiðir henni tengdar, s.s. hvort mögulegt sé að smitefnið berist með fuglum, köttum, hundum eða öðrum dýrum.

Brynjólfur í Kolsholtshelli spyr um samnýtingu tækja.

Elvar á Hamri telur að allt þetta ráðaleysi og seinu aðgerðir stafi af því að ekki sé nógu mikið vitað um riðuna. Sterkasta vörnin hlýtur að vera virkt eftirlit bændanna sjálfra á sínu fé.

Gísli á Stóru-Reykjum sagði menn verða að viðurkenna að þær aðgerðir sem nú væri verið að grípa til væru hálfgerð handabakavinnubrögð. Hann vildi að litið væri á allt svæðið milli ána. Væri skorið á milli ána væri hægt að byrja upp á nýtt eftir tvö ár.

markmiðum útgáfunnar. Reglubundin pistlaskrif sem birst höfðu lengi í Fréttabréfi Velvakanda og á stundum í Fréttabréfi Samhygðar verður ekki fram haldið í *Áveitunni* fyrst um sinn a.m.k.

Meðlimir Umf. Samhygðar og Vöku sem búa utan dreifingar-svæðisins eiga þess kost að fá *Áveituna* senda til sín endurgjaldslaust en aðrir þeir sem óska eftir að fá bréfið sent til sín þurfa að greiða árgjald sem nemur kostnaðarverði. Hins vegar geta allir fengið *Áveituna* senda til sín í tölvupósti án endurgjalds og er þeim sem falla í annan hvorn ofangreindra hópa og eiga þess kost hiklaust bent á að nýta sér þá lausn.

Ritstjórn *Áveitunnar* skipa Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki fyrir Umf. Vöku og Stefán Geirsson Gerðum fyrir Umf. Samhygð. Efni og fyrirspurnir berist til þeirra á eftirfarandi netföng eða síma:

Fanney: fanneyo@visir.is 486-3345, 892-4155.

Stefán: stegeir@hotmail.com 486-3393, 867-6907.

Gáttin er opnuð. Njótið vel!

Ritstjórn

Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Plöntupöntun

Ágætu skógræktarfélagar,
þeir sem ætla að panta sér plöntur hjá félaginu þurfa að gera það sem allra fyrst hjá Þórunni í síma 486-3342. Í síðasta lagi 10. apríl.

Kv. Þ.K.

Aðalfundur

Aðalfundurinn verður haldinn mánudaginn 23. apríl kl. 20.30 að Kolsholti 1 hjá Kolbrúnu. Auk almennra aðalfundarstarfa munum við segja fréttir frá aðalfundi Skógræktarfélags Árnesinga en hann verður haldinn í félagsheimilinu á Flúðum fimmtudaginn 12. apríl. Á fundinum verður flutt fræðsluerindi, óákveðið hver það verður en þessi erindi eru yfirleitt mjög áhugaverð. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin

Fréttir frá Flóaskóla

Þegar þetta er ritað eru aðeins örfáir dagar þar til nemendur og starfsfólk skólans fara í páskaleyfi, en það hefst 30. mars og stendur til 9. apríl. Kennsla hefst að nýju eftir páskaleyfi þriðjudaginn 10. apríl.

Marsmánuður leið hratt hjá okkur við leik og störf. Við fórum í umferðaráttak eins og margir vita og lukum því með mikilli hátíð þann 2. mars síðastliðinn. Á hátíðinni fengu allir skólabílstjórar hreppsins afhentar merkingar fyrir skólabifreiðar, en það er von okkar að áminning um skólabörn í umferðinni hvetji alla vegfarendur til að fara varlega í krin-gum skólabíla.

Tveir nemendur úr 7. bekk, þær Aldís Baldursdóttir frá Klængsseli og Íris Björk Garðarsdóttir frá Langholti, gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Stóru upplestrarkeppnina sem haldin var fyrir okkar svæði á Flúðum. Aldís var í 1. sæti og Íris Björk í 2. sæti. Þær stóllur fengu bókaverðlaun og viðurkenningar fyrir mjög góðan árangur, auk þess sem Sparisjóðurinn á Selfossi veitti þeim peningaverðlaun. Við í Flóaskóla erum mjög stolt af þeim Aldísi og Írisi og árangri þeirra í upplestrarkeppninni.

Þær ánægjulegu fréttir bárust okkur á dögunum að Styrktar- og menningarsjóður Norvikur, ætlaði að styrkja Flóaskóla vegna átaks í umferðaröryggi og gefa öllum nemendum skólans reiðhjólahljálma. Norvik er eignarhaldsfélag BYKO samsteypunnar, en skólastjóri leitaði til BYKO um styrk vegna hjálmanna. Fljótlega eftir páska fáum við aðila í skólann sem sýnir nemendum hjálmana, hjálpar þeim að máta og stilla og síðan verða pantaðir hjálmar sem henta hverjum og einum. Nemendur munu geta valið um lit á hjálminn sinn. Það má taka fram að hjálmarnir sem við fáum eru mjög vandaðir og vinsælir meðal fagmanna.

Nú á vordögum stendur yfir skipulag næsta skólaárs. Auglýst hefur verið eftir kennurum til starfa frá og með 1. ágúst nk. Vonir standa til að við getum haldið áfram með verkefni okkar sem leiðtogaskóli í umferðarfræðslu á Suðurlandi og að við fáum með því aukið fjármagn

Ferðamálasamtaka Suðurlands, sem haldinn er í Þjórsárveri 3. apríl nk. Allir ferðapjónustuaðilar eru þar velkomnir.

Eitt verkefni eftirlæt ég Atvinnu- og ferðamálanefnd Flóahrepps sem ég stofnaði til sem starfsmaður hennar. Það er úttekt á atvinnuþróun í Flóahreppi og gerð byggðapróunaráætlunar. Byggðastofnun hefur lofað aðstoð við þessa vinnu.

Fyrir hönd Ferðamálafélags Flóamanna býð ég alla áhugasama velkomna í félagið, og vona að það megi njóta skilnings við sitt uppbyggingarstarf.

Valdimar Össurason
ferðamálafulltrúi Flóamanna

Fræðslufundur um sauðfjársjúkdóma á vegum Sauðfjárræktarfélaganna í Flóahreppi

haldinn í Þjórsárveri 28. mars 2007

Útdráttur úr fundargerð

1. Fundarsetning

Þorsteinn Logi Einarsson setti fund. Tillaga um Elínu Bjarnveigu Sveinsdóttur sem fundarstjóra og Jóhannes Hr. Símonarsyni sem fundarritara.

2. Sigurður Sigurðarson dýrlæknir flutti fyrirlestur um riðuveiki og gar-naveiki. Ekki var safnað heilasýnum í Flóanum fyrst í haust þar sem ekki var ta-lin mikil hætta á riðuveiki á þessu svæði en eftir að kindin frá Syðri-Velli fannst í Hrunaréttum var farið að safna heilasýnum. Alls voru rannsókuð um 500 sýni í Flóahrepp og í Árborg sem öll voru neikvæð utan 18 sýni frá Syðra-Velli og 1 sýni frá Gerðum. Í öðrum heilasýnum í Árnassýslu fannst ekkert utan tvær ær á Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahrepp, báðar fæddar heima á bænum, önnur tveggja vetra og hin fjögurra vetra sem bendir til að kindurnar hafi veikt heima á bænum. Sú niðurstaða vekur furðu þar sem óvíða hefur verið staðið betur að hreinsun en þar eftir niðurskurðinn 2001. Annars er vitað að riðuveikar kindur hafa verið á afréttinum, sem ásannaðist í haust, þegar riðuveik kind úr Flóa kom alla leið í Hrunaréttir. Auk þess var flutt hey inn á afréttinn frá stað, sem seinna reyndist sýktur af riðuveiki.

Ferilrannsókn eftir að riða greindist á Syðra-Velli leiddi til nánari athugunar á fimm hjörðum vegna viðskipta eða samgangs við fé frá Syðra-Velli. Þetta eru bæirnir Hólmasel, Galtastaðir, Arnarhóll og Baldurshagi auk hjarðar Skúla Steinssonar á Eyrarbakka. Nánari athugun leiddi í ljós að ekki var talin þörf á að aðhafast frekar í Baldurshaga og hjá Skúla Steinssyni en fénu verður slátrað í Hómaseli, Galtastöðum og á Arnarhóli, um 40 kindur alls.

sem henni tengdust. Einnig baráttu fyrir verndun og kynningu náttúruvættta s.s. Urriðafoss og sögustaða s.s. Orrustudals. Margt fleira hafði þessi nefnd í vinnslu og enn fleira var fyrirhugað.

Stærsta verkefni Ferðamálanefndar A-Flóa, og það sem mesta möguleika hefur til stuðnings við ferðaþjónustu og byggð á svæðinu, er undirbúningur stofnunar Tæknisafns Íslands. Of langt mál yrði að rekja þann feril þó full þörf væri á, en sjá má ýmislegt um safnið á floi.is. Einungis verður bent á þá niðurstöðu virts ráðgjafafyrirtækis að stofnunin myndi skapa um 10 opinber störf í byrjun og draga tugþúsundir ferðamanna árlega inn á svæðið. Sum sveitarfélög myndu telja það eftirsóknarvert, sérstaklega í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir útgjöldum sveitarfélagsins vegna þessarar stofnunar, hvorki nú né síðar.

Ég hef unnið sem ferðamálafulltrúi svæðisins og sótt fundi svæðis- og landssamtaka. T.d. sit ég stjórnarfundum Ferðamálasamtaka Suðurlands og er endurskoðandi samtakanna. Fjármál Ferðamálanefndar A-Flóa voru með þeim hætti að hún aflaði sér sjálf verkefnastyrkja og kom minnstur hluti þeirra frá sveitarsjóðum. Þannig aflaði hún árlega milljóna króna inn á svæðið til samfélagsverkefna.

Ferðamálanefnd Austur-Flóa var lögð niður við sameiningarkosningar. Var ætlun hreppsnefndar að efla starfið með stofnun Atvinnu- og ferðamálanefndar Flóahrepps, og um það rætt að ég yrði starfsmaður þeirrar nefndar. Hélt ég þannig áfram verkum fyrri nefndar í hálf ár meðan beðið var starfslýsinga. Þá ákvað hreppsnefnd að svipta nefndina því sjálfræði sem hún hafði áður haft. Skyldi hún einungis vera ráðgefandi fyrir hreppsnefnd og ferðamálafulltrúi heyra undir sveitarstjóra en ekki nefndina. Þetta hefði lamað frumkvæði og framkvæmdir, og gert nánast ókleyft að vinna áfram þau verkefni sem voru í gangi. Tjáði ég hreppsnefnd það og hóf að leita árangursríkari leiða, í samráði við dugnaðarforkana úr fyrri nefnd.

Ferðamálafélag Flóahrepps var stofnað í framhaldi af þessu. Félagið er opið áhugamannafélag. Allir geta gerst félagar, en starfsemin beinist einkum að eflingu ferðaþjónustu sem atvinnugreinar í Flóahreppi. Nánari upplýsingar eru á floi.is, ásamt samþykktum félagsins. Fyrstu stjórn félagsins skipa þau sömu og voru í Ferðamálanefnd Austur-Flóa. Fyrsta verk félagsins var að bjóða hreppsnefnd Flóahrepps til samstarfs. Hreppsnefnd hafnaði þeirri beiðni án nokkurra skýringa. Lýsir það einkennilegu viðhorfi til áhugafólks sem vinnur að eflingu byggðar og atvinnu. Engu að síður mun Ferðamálafélagið halda áfram sínum störfum. Það mun leita eftir verkefnastyrkjum á sama hátt og gert var fyrir hreppasameiningu, og halda áfram með fyrri verkefni. Mun hún í upphafi nýta þá verkefnastyrki sem fyrri nefnd hafði aflað og voru ætlaðir til uppbyggingar í ferðaþjónustu. Fyrsta verkefnið verður að endurprenta Flóakortið, en síðan tekur við endurskoðun ferðamálastefnu Flóahrepps, skiltaprentun o.fl. Þess má að lokum geta að Ferðamálafélag Flóamanna er í gestgjafahlutverki á aðalfundi

sem getur aukið sveigjanleika okkar í skólastarfinu. Útlit er fyrir að nemendafjöldi næsta skólaárs verði svipaður og í vetur, eða um 55-60 nemendur. Í apríl verður forráðamönnum nemenda boðið á opið hús í skólanum þar sem undirbúningur næsta skólaárs verður kynntur.

Tíminn eftir páska og til skólaloka mun einkennast af námsmati, vorskólaviku fyrir leikskólabornin, heimsókn frá dönskum farandkennara og svo hinum hefðbundnu frídögum sem fylgja dagatalinu í apríl og maí, en það eru sumardagurinn fyrsti, verkalýðsdagurinn og uppstigningardagur.

Með kærri vorkveðju úr skólanum,
Kristín Sigurðardóttir.

Fjör í Flóanum

Eins og tvö undanfarin ár verður Fjör í Flóanum haldið 24.-26. maí nk. Undirbúningsnefnd leitar eftir aðilum í Flóahreppi sem vilja nýta sér tækifæri og sýna almenningi hvað þeir hafi upp á að bjóða. Við biðjum þig að hjálpa okkur að gera þetta að veruleika, t.d. með því að kynna hvað þú ert að gera, hvort sem það er opið hús, kynna fyrirtæki eða hvað sem þér dettur í hug. Dagskrá Fjörs í Flóanum mun birtast í staðarblöðum og bjóðum við þér að nýta tækifærið, ef þú vilt setja viðburð inn í dagskránnu hafið þá samband **fyrir 17. apríl** nk. Nánari upplýsingar gefur Anný Ingimarsdóttir, síma 861-8368 eða netfang: anny@eyjar.is.

Aðalfundur Flóakorns ehf.

Aðalfundur Flóakorns ehf. verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudaginn 11. apríl kl. 20:30. Efni fundarins er venjuleg aðalfundarstörf. Jóhannes Símonarson ráðunautur mætir á fundinn og ræðir um kornrækt.

Stjórnin

FRÁ UMF SAMHYGÐ

Flóahlaup Umf. Samhygðar

Hið árlega Flóahlaup Umf. Samhygðar verður haldið laugardaginn **14. apríl**. Ræsing hlaupara er kl. 14:00 við Félagslund. Vegalengdir: 3 km, 5 km og 10 km með tímatöku. Flokkaskipting bæði kyn: 14 ára og yngri (3 km), opinn flokkur kvenna (5 km), konur 39 ára og yngri, 40 ára og eldri (10 km), karlar 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60 ára og eldri, 70 ára og eldri (10 km), opinn flokkur karla (5 km). Verðlaun er veitt þremur efstu í hverjum flokki. Þáttökugjald er 1200 kr. fyrir fullorðna en 500 kr. fyrir börn yngri en 14 ára. Skráning á staðnum. Kaffi og verðlaunaafhend- ing í Félagslundu að hlaupi loknu. Öllum er velkomið að taka þátt og eins eru allar hjálparhellur vel þegar við framkvæmd hlaupsins.

Skírdagsfundur—Páskabingó

Að kvöldi Skírdags, fimmtudagsins **5. apríl**, fer fram hinn árlegi Skír- dagsfundur Umf. Samhygðar. Að venju verður farið lauslega yfir starfið í vetur og línurnar lagðar fyrir það sem er framundan. Páskaeggjabingóið sívinsæla verður einnig á sínum stað. Fundurinn fer fram á loftinu í Félagslundu og er gengið inn að vestanverðu hefst hann kl. 20:30.

Stjórnin

Bikarglíma Samhygðar

Bikarglíma Samhygðar fer fram í Félagslundu þriðjudagskvöldið **24. apríl**. Þar munu krakkarnir sem æft hafa saman í vetur keppa sín á milli. Mótið er á hefðbundnum æfingatíma og hefst kl. 20:00 og er öllum vel- komið að koma og fylgjast með og styðja keppendur.

Héraðsglíma HSK

Héraðsglíma HSK fer fram á Hvolsvelli að kvöldi föstudagsins **20. apríl** 2007 og hefst kl. 19:30. Keppt verður í flokkum drengja og stúlkna 11 - 12 ára, 13 - 14 ára, 15 - 16 ára. Einnig verður keppt í unglingsflokkum drengja 17 - 20 ára, kvennaflokkum 17 ára og eldri og karlaflokkum 20 ára og eldri. Í kvennaflokkum er keppt um Bergþóruskjöldinn og í karlaflokkum um Skarphéðinsskjöldinn. Allir þeir sem hafa æft glímu í vetur ættu að stefna að þátttöku á héraðsglímunni og ef það rætist er ekki við öðru að búast en harðsnúið lið mæti til keppni bæði frá Samhygð og Vöku.

Þjálfari.

bætir úr brýnni þörf, en grasvöllur Umf. Vöku bar varla aukið álag vegna tilkomu Flóaskóla. Verið er að gera samstarfssamning milli Þjórsárvers og Flóaskóla vegna gagnkvæmrar notkunar.

Framundan eru m.a. endurbætur á tjaldsvæðum, skipulagning sýninga og viðburða, endurbætur á sviði og úrbætur vegna eldvarna. Verið er að auka og endurnýja spjöld á útsýnispallinum, sem er enn sá eini sinnar tegundar í þessu mesta víðsýni landsins. Bókanir eru miklar á árinu, einkum veislur og ættarmót. Vegna framkvæmda í Flóaskóla er ekki gert ráð fyrir gistiherbergum eða mótum þar í sumar.

Með sameiningu hreppa á síðasta ári breyttist starfsumhverfi félagsheimi- lanna þriggja. Flóahreppur á verulegan hlut í þeim öllum, og leggur þeim til rek- starfé. Því hefði hreppsnefnd strax þurft að axla ábyrgð og móta stefnu um framtíð félagsheimilanna. Undirritaður lagði fram tillögu fyrir sameiningar- kosningar um að gert yrði eitt rekstrarfélag fyrir félagsheimilin, með einni fámennri rekstrarstjórn. Enn er engin betri lausn í sjónmáli, og þörfin fyrir sam- ræmingu verður sífellt ljósari.

Ekkert verður í bráð af samrekstri Félagslundar og Þjórsárvers sem unnið hafði verið að frá áramótum. Stjórnendur Félagslundar ákváðu að draga beiðni sína um þetta til baka þrátt fyrir að eigendur beggja húsa hefðu lýst skriflega yfir áhuga á þessu samstarfi. Fyrri tilkynningar varðandi þetta samstarf eru því fall- nar úr gildi.

Umsjónarmaður Þjórsárvers. V.Ö.

Ferðamálafélag Flóamanna

Ferðamálafélag Flóamanna var stofnað í byrjun þessa árs. Hér verður lítillega gerð grein fyrir aðdragandanum og starfsemi félagsins.

Ég átti frumkvæði að því, ásamt fleiri áhugamönnum, að Ferðamálanefnd Austur-Flóa var stofnuð í ársbyrjun 2003. Að beiðni áhugahópsins skipuðu hreppsnefndirnar í nefndina, gerðu samstarfssamning um þá skipun, og lögðu fram lítilsháttar starfsstyrk en komu ekki að starfsemi hennar að öðru leyti. Nef- ndin vann að ýmsum málum sem vörðuðu uppbyggingu ferðaþjónustu á víðum grunni. Má t.d. nefna eftirfarandi; kynning á svæðinu var stórauvin; gefið var út svæðiskort sem hefur verið mjög vinsælt hjá ferðafólki; sett var upp vefsíðan floi.is til kynningar á svæðinu og ferðaþjónustu; stofnuð og starfrækt Upplýsin- gamiðstöð Flóa; mótuð metnaðarfull ferðamálastefna með þátttöku íbúa; merktar tvær gönguleiðir og gerð fræðsluskilti við nokkra merkisstaði; lagfærð bílastæði við Urriðafoss og víðar; gerðar umferðartalningar á vegum á svæðinu; forganga um fjölskylduhátíðina Fjör í Flóanum og fjárhagsstuðningur við hana; hugað að arfleifð svæðisins á sviði náttúruvænna og menningar, t.d. þingboðsöxi og síði

Frá Félagsheimilinu Þjósárveri

Venja hefur verið að umsjónarmaður Þjósárvers sendi frá sér fréttir af starfseminni. Ætti slíkt að vera regla með öll fyrirtæki og stofnanir í almannaeigu. Því er hér fagnað að kominn sé út fjölmiðill sem nær til allra íbúa sveitarfélagsins.

Þó starfsemi Þjósárvers sé að mestu óbreytt að stofni til, einkum varðandi félagsstarf á svæðinu, þá hefur þurft að aðlaga stefnu og markmið eftir aðstæðum. Fyrir nokkrum árum var stefnan tekin á uppbyggingu leigustarfsemi. Hefur náðst verulegur árangur á því sviði, bæði varðandi aðstöðu og markaðssetningu, og munað um leigutekjur í rekstrinum. Eftir stofnun Flóaskóla var Þjósárver í auknum mæli nýtt í þágu skólustarfsemi meirihluta ársins. Var þá lögð meiri áhersla á menningarstarfsemi, sem fellur betur að skólustarfi en útleiga að vetri. Þjósárveri hefur gengið vel á þessu sviði, og er nú þekkt sem menningarmiðstöð á svæðinu. Á síðasta ári var þessi starfsemi skjalfest með mótun menningarstefnu, og um leið stofnaður Menningarsjóður Þjósárvers til að auðvelda framkvæmd viðburða. Mesta opinbera viðurkenningin á þessu starfi kom nú nýlega, en þá veitti Alþingi kr. 1.000.000 til menningarstarfs á vegum Þjósárvers.

Aðalfundur Þjósárvers var haldinn nýlega. Starfsemin á síðasta ári var í meginatriðum með hefðbundnum hætti, en þó náðust nokkrir áfangar til framfara. Ber hæst sumarstarfsemi með veglegum listsýningum og kaffisölu, undir nafninu Listakaffi Þjósárvers. Það var starfrækt í nýju húsnæði Flóaskóla og þurfti að gera lítilsháttar breytingar sem sumar verða til frambúðar og nýttast skólanum. Sýningar voru tvær. Listakonan Sigga á Grund sýndi hér á heimavelli og dró að fjölda gesta, og síðar var glæsileg sýning málarans Jóns Inga Sigurmundssonar. Alls komu hátt í 3000 manns í Listakaffi Þjósárvers, en þar var einnig nýstofnuð Upplýsingamiðstöð Flóa. Þessi starfsemi verður væntanlega áfram í Flóaskóla á komandi sumri, og er verið að huga að sýningaratriðum. Af öðrum viðburðum á menningarsviði má nefna hina vinsælu og þekktu Tónahátíð, sem stóð í 3 daga í október að venju og komu fram landsþekktir tónlistarmenn. Einnig var á vormánuðum listasýning í tengslum við Fjör í Flóanum. Um sama leiti stóð Þjósárver fyrir sérstæðum viðburði sem var endurtekning á bogskotinu fræga sem getið er í Flóamannasögu. Þá stóð Þjósárver fyrir málþingi um menningu og listir á Suðurlandi.

Af verklegum framkvæmdum í Þjósárveri ber hæst aðgerðir í anddyri og setustofu. Gólf voru rétt af og teppalögð, forstofa rýmkuð og skipt um millihurð. Fenginn var öflugur skjávarpi, og gerðar endurbætur á hljóðkerfi. Steypt var skábraut við aðalinngang. Mestu framkvæmdir á lóðinni, sem er í umsjón Þjósárvers, var gerð sparkvallar. Þetta var sérverkefni á vegum Flóahrepps, en að því komu einnig sjálfboðaliðar og starfsmaður Þjósárvers. Sparkvöllurinn

Ýmsar fréttir frá Umf. Vöku

Sumardagurinn fyrsti

Þann 19. apríl n.k. verður haldið upp á Sumardaginn fyrsta, eins og vaninn er. Hið álega **Viðavangshlaup** Umf Vöku hefst kl. 13.30 á bökkum Þjósár. Skráning er frí og fer fram á staðnum. Allir, ungir sem aldnir, eru hvattir til að mæta og taka þátt. Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal auk þess sem sigurvegarar karla og kvenna fá farandverðlaunagripi.

Strax að loknu hlaupi verður síðan öllum boðið í Þjósárver en þar verður **skemmileg uppákoma** fyrir yngri og eldri kynslóðina sem fólk ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Að því loknu býður Ungmennafélagið upp á kaffiveitingar og síðan verður verðlaunaafhending fyrir Viðavangshlaupið.

Tökum nú hress og kát á móti sumrinu og mætum öll!

Stjórn Umf. Vöku

Héraðsþing

Héraðsþing HSK var haldið 24. febrúar sl. á Laugalandi í Holtum, fulltrúi Vöku var Oddný Ása Ingjaldsdóttir.

Nýr húsnefndarmaður

Nú hefur Kristján Gestsson ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram sem fulltrúi Vöku í húsnefnd Þjósárvers. Stjórn félagsins hefur valið nýjan mann í hans stað, en það er Sigmar Örn Aðalsteinsson í Jaðarkoti. Varamaður hans verður Einar Hermundsson í Egilsstaðakoti. Um leið og við óskum Sigmari velfarnaðar í nefndinni þökkum við Kristjáni kærlega góð störf, bæði í þágu félagsins okkar og húsins. Þó Kristján hafi ekki átt fast sæti í húsnefndinni nema í um eitt ár, þá hefur hann unnið ótullega að málefnum Þjósárvers árum saman, bæði í orði og verki, og vitum við að svo verður áfram þó hann hætti nú að sitja húsnefndarfundir.

Páskabingó

Munið páskabingóið. Það verður í Þjósárveri laugardagskvöldið fyrir páska, 7. apríl, og hefst kl. 20:30. Vegleg páskaegg í boði fyrir heppna spilara. Allir velkomnir.

Íþróttafréttir

Héraðsleikar HSK 11 ára og yngri voru haldnir í Iðu á Selfossi 17. mars 2007. Félögin Samhygð og Vaka áttu fjölmarga keppendur sem stóðu sig frábærlega og eignuðust þau nokkra héraðsmeistara. Ekki var tímataka í 30 m hlaupum og ekki fékkst því rétt röð í þeirri grein.

Hnokkar 9-10 ára		árangur	sæti
Þorgils Kári Sigurðarson, Vöku	Skutlukast	10,14 m	17.
	Langst. án atr.	1,34 m	17.
	30m hlaup		?
Jón Þór Pálsson, Vöku	Skutlukast	9,10 m	19.
	Langst. án atr.	1,45 m	14.
	30m hlaup		?
Viðar Janus Helgason, Samhygð	Skutlukast	11,90 m	11.
	Langst. án atr.	1,34 m	18.
	30m hlaup.		?
Hnátur 9-10 ára			
Guðrún Inga Helgadóttir, Vöku	Skutlukast	10,48 m	3.
	Langst. án atr.	1,65 m	4.
	30m hlaup		?
Stelpur 11 ára			
Ásrún Halla Loftsdóttir, Vöku	Kúluvarp 2,0 kg	5,17 m	7.
	Langst. án atr.	1,36 m	10.
	Hástökk	0,85 m	7.
	30m hlaup		?
Strákar 11 ára			
Arnar Einarsson, Vöku	Kúluvarp 2,0 kg	6,10 m	3.
	Langst. án atr.	1,89 m	1.
	Hástökk	1,10 m	2.
	30m hlaup		?
Vikingur Freyr Erlingsson, Vöku	Kúluvarp 2,0 kg	8,01 m	1.
	Langst. án atr.	1,75 m	3.
	Hástökk	1,05 m	4.
	30m hlaup		?
Sveinn Orri Einarsson, Vöku	Kúluvarp 2,0 kg	6,11 m	2.
	Langst. án atr.	1,60 m	4.
	Hástökk	1,00 m	6.
	30m hlaup		?

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur Kvenfélagsins var haldinn 4. mars 2007. Á fundinum urðu formannaskipti þar sem Elín Bjarnveig í Egilsstaðakoti gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Valgerður á Mjósyndi kosin formaður og Anna Fía á Skálatjörn var kosin varaformaður. Aðrar í stjórn eru Lilja á Urriðafossi, gjaldkeri og Sólveig á Skúflæk II er ritari. Í skemmtinefnd eru nú Ása á Kjóstöðum, Sólveig á Skúflæk II, Anna Fía á Skálatjörn, Kristín á Egilsstöðum, Fanney á Hurðarbaki og Elín Bjarnveig í Egilsstaðakoti. Fulltrúi kvenfélagsins í húsnefnd Þjórsárvers var kosin Aðalheiður í Vatnsholti. Halla í Kolsholti verður áfram endurskoðandi og Aðalheiður í Ferjunesi fulltrúi í eldri borgaranefnd. Þing SSK verður haldið á Eyrarbakka 21. apríl og verður Sólveig á Skúflæk fulltrúi okkar þar.

Ákveðið var að halda þæfingarnámskeið í mars og ætlar Ása að leiðbeina á því. Fram kom tillaga um söfnun vegna 50 ára afmæla íbúa í Villingaholtshreppi hinum forna og var samþykkt að Kvenfélagið tæki það á sér. Rætt var um að Fjör í Flóa ætti að halda um hvítasunnuhelgina og voru skiptar skoðanir á þeirri tímasetningu en þó komu strax fram ýmsar hugmyndir um hvað hægt væri að gera þó að Þjórsárver væri upptekið vegna ferminga.

Kvenfélagið okkar verður 90 ára 27. október og var aðeins reifað hvað við ættum að gera í tilefni af þeim merku tímamótum. Ýmsar hugmyndir komu upp en ekkert var ákveðið. Þá kom fram fyrirspurn hvort sækja ætti um styrk til sveitarfélagsins vegna afmælishalds en engin ákvörðun var tekin um það. Um dúkaþvott munu sjá Aðalheiður í Vatnsholti og Eydis í Kolsholti, en einnig var reifað að það þyrfti nú að athuga með dúkakaup á næstunni.

Tvær konur gengu í kvenfélagið og voru þær boðnar velkomnar. Í kvenfélaginu eru nú 29 konur og þar af eru 4 heiðursfélagar.

Í athugun er að þriggja kvenfélaga kvöldvakan verði 11. maí en í ár er það á okkar höndum að halda hana. Og nú er svo um að gera að taka til í garðinum sínum því að SSK ætlar á ár að verðlauna snyrtilegasta heimilisgarðinn og/eða matjurtagarðinn. Þetta eru nú helstu fréttir frá okkur.

Sólveig Þórðardóttir
ritari

Fermingar í Hraungerðisprestakalli vorið 2007

Uppstigningardagur

Laugardælakirkja

Ferming kl. 14:00. Fermd verður: Elín Linnea Ólafsdóttir, Tindum, Laugardælahverfi, í Flóahreppi.
Velunnarar Laugardælakirkju leiða söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar. Prestur: sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Laugardagur fyrir hvítasunnu

Laugardælakirkja

Ferming kl. 14:00. Fermdur verður: Skúli Kristjánsson, Ljónsstöðum í Flóahreppi.
Velunnarar Laugardælakirkju leiða söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar. Prestur: sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Hvítasunnudagur

Villingaholtskirkja

Ferming kl. 13:30. Fermd verða:
Árni Geir Hilmarsson, Hamarshjáleigu í Flóahreppi,
Ída Bjarnadóttir, Kjóstöðum II í Bláskógabyggð,
Ingibjörg Katrín Kristjánsdóttir, Vatnsholti III í Flóahreppi,
Jóhann Jónsson, Syðri-Gróf í Flóahreppi.
Söngkór Hraungerðisprestakalls undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar leiðir söng. Prestur: sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Annar hvítasunnudagur

Hraungerðiskirkja

Ferming kl. 13:30. Fermd verða:
Birna Almarsdóttir, Lambastöðum í Flóahreppi,
Gísli Gautason, Læk í Flóahreppi,
Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir, Litlu-Reykjum í Flóahreppi.
Söngkór Hraungerðisprestakalls undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar leiðir söng. Prestur: sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Haukur S. Gunnarsson, Samhygð Kúluvarp 2,0 kg	6,08 m	4.
Langst. án atr.	1,35 m	5.
Hástökk	0,95 m	7.
30m hlaup		?

Bikarkeppni FRÍ var haldin í Laugardalshöll 24. febrúar 2007 og var einn keppandi frá Vöku í HSK-hópnum. Haraldur Einarsson keppti í langstökki og varð í 6. sæti með 5,85m og 3. í þristökki með 12,28 m.

Ingibjörg Katrín Kristjánsdóttir keppti á Meistaramóti Íslands 12-14 ára í Laugardalshöll 3. mars sl. Hún kastaði kúlu 7,26 m og hafnaði í 14. sæti

AF GLÍMUMÓTUM

Keppendur úr glímuæfingahóp Samhygðar hafa staðið í ströngu undanfarið við keppni á mótum innan héraðs jafnt sem utan. Margir úr hópnum eru að taka sín fyrstu skref á keppnisvellingum er árangur þeirra sem annarra mjög góður.

Fyrst er að telja úrslit af Grunnskólamót HSK sem haldið var á Hvolsvelli 7. febrúar þar sem Flóaskóli sendi átta keppendur leiks. Árangur þeirra varð eftirfarandi:

5. bekkur stráka, 9 keppendur.

3. Einar Víglundur Kristjánsson, 1 v.

4. Víkingur Freyr Erlingsson, 0 v.

Í fjögurra manna úrslitariðli.

- Sveinn Orri Einarsson keppti í undanriðli en komst ekki í úrslitariðilinn.

7. bekkur stráka, 6 keppendur.

1. Hlynur Logi Erlingsson, 5 v. Grunnskólameistari HSK.

5. bekkur stúlkna, 7 keppendur

3. Ásrún Halla Loftsdóttir, 5 v.

5. Margrét Ýr Bárðardóttir, 1,5 v.

6.-7. Hrefna Leifsdóttir, 1 v.

7. bekkur stúlkna, 5 keppendur.

5. Ingveldur Þorsteinsdóttir

Bikarglíma yngriflokka fór fram á Hvolsvelli 17. febrúar. Áslaug Ýr Bragadóttir keppti þar í flokki meyjja 15-16 ára og náði 2. sæti.

Daginn eftir fór fram Sveitaglíma 16. ára og yngri á sama stað. Margrét Ýr Bárðardóttir og Ásrún Halla Loftsdóttir glímdu í sveit HSK sem náði í 2. sæti flokki 11-12 ára stúlkna. Ingveldur Þorsteinsdóttir glímdu í B-sveit HSK sem hafnaði í 3. sæti flokki 13-14 ára stúlkna. Loks glímdu Áslaug Ýr Bragadóttir í sveit HSK sem sigraði í flokki 15-16 ára stúlkna.

Grunnskólámót Íslands fór fram í íþróttahúsi Ármanns í Laugardal laugardaginn 17. mars. Ingveldur Þorsteinsdóttir keppti í 7. bekk og náði 3. sæti. Margrét Ýr Bárðardóttir keppti í 5. bekk stúlkna en lauk ekki keppni.

Í karlaflokki hefur Stefán Geirsson verið nokkuð við keppni í vetur og m.a. náð að sigrast í +90 kg flokki í Bikarglímu Íslands auk þess að hafna ásamt öðrum í fyrsta sæti sama þyngdarflokks í Meistaramóti Íslands. Stefán hafnaði einnig í 3. sæti í opnum flokki karla í Meistaramótinu. Síðastliðinn laugardag fór Íslandsglíman fram í Reykjavík. Sjö keppendur mættu til leiks í karlaflokki og hafnaði Stefán þar í 2. sæti eftir úrslitaglímu.

Nú fer keppnistímabil glímumanna að renna sitt skeið á enda en tvo stór mót eru fram undan hjá æfingahópnum en það eru Bikarglíma Samhygðar og Héraðsglíma HSK. Þessi mót eru nánar auglýst annarsstaðar í bréfinu.

Þjálfari

Er svæðanudd eitthvað fyrir þig ?

Í svæðanuddi er unnið með viðbragðssvæði fóta. Þetta er ævagömul meðhöndlun sem örvar blóðrás, minnkar streitu, stuðlar að bættu orkuflæði í líkamanum og er mjög slakandi. Hefur reynst vel við alls kyns kvillum m.a. vöðvabólgu, vefjagigt, svefnleysi og fl.

Er staðsett í Arabæ, tímapantanir í síma 4875818 og 8981597. Verið velkomin.

Sonja Arnarsdóttir
Svæðanuddari

Ekki láta þetta fram hjá ykkur fara !!!!!!!

Ólafur G Sæmundsson næringarfræðingur, verður með fyrirlestur í Félagslundu (Gaulverjabæjarvegi) 25.apríl kl. 20.00.

Ólafur lofar fjörugum og fróðlegum fyrirlestri þar sem víða verður komið við og ýmsum áleitnum spurningum svarað. Spurningum eins og:

***Hvaða megrunarleiðir teljast heppilegir og hvernig virka hinir ýmsu kúrar sem notið hafa vinsælda, svo sem, Atkins-kúrin, Danski-kúrin, Blóðflokkakúrin o.s.frv.?**

***Eru Detox (afeitrunar) meðferðir allra meina bót?**

***Er sykurneysla Íslendinga alltaf að aukast og er sykur hættulegt efni?**

***Er neysla á olíum eins og kókoshnetuolíu góð leið til megrunar og líkamsstyrkingar?**

***Eru gervisætuefni eins og aspartame stórhættuleg heilsu okkar?**

***Hve mikið vatn er talið heppilegt að drekka á dag?**

***Er mikilvægt að neyta fæðubótarefna?**

Allir Velkomnir.

Aðgangseyrir 1000.kr.

Kvenfélögin í Flóahrepp.(kvenfélagskonur í Flóahrepp fá frítt inn.)

Ólafur er með háskólapróf (BS) í heilsusálfræði og (MS) í næringarfræði. Hann hefur m. a. starfað við næringarfræðslu á göngudeild sykursjúkra á Landspítalanum, Endurhæfingar- og forvarnastöðinni Mætti hf, Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Í dag er Ólafur sjálfstætt starfandi og með aðsetur í Hreyfingu heilsurækt. Ólafur hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og fyrirlestra í næringarfræði og er höfundur bókarinnar Lífsþróttur - næringarfræði almennings, en hún var valin besta íslenska frumsamda fræðibók ársins 1999 af félagi Bókasafns- og upplýsingafræða.

Þakkir

Kæru vinir, samstarfsfólk og sveitungar mínir. Ástarþakkir fyrir allar gjafir og heillaóskir í tilefni 50 ára afmælis míns þann 9. febrúar sl. Guðs blessun til ykkar allra.

Kærar kveðjur,
Valgerður Gestsdóttir